



Hjallastefnan

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Beiðni um undanþágu frá greiðslu gagnagerðargjalds

Erindi berist til

Guðjóns Erlings Friðrikssonar, bæjarritara

Vegna:

Hnoðraholt - Leikskóli Hjallastefnunnar

Vífilstaðavegi 123

210 Garðabær

Forsendur:

Upp kemur raki í janúar 2019 í húsnæði (miðstöð) sem einnig hýsti hluta af starfsemi leikskóla Hjallastefnunnar, Hnoðrahólts. Þegar niðurstöður rakamælinga lágu fyrir brást Hjallastefnan við og kom starfseminni fyrir í aðliggjandi leikskóla. Til að það væri mögulegt, var elstu börnum leikskólans fengið pláss í barnaskólanum. Þetta var tímabundin lausn á meðan unnið væri að skoðun og síðan viðgerð rakaskemmda húsnæðis.

Í gang fóru viðræður um aðgerðir í húsnæðinu. Staðan var flókin sökum eignarhalds, en það var á þessum tíma í eigu Landspítala. Ræddir voru ýmsir möguleikar sem þó leiddu ekki til niðurstöðu og ljóst var á vormánuðum að ekki næðist að gera viðunandi ráðstafanir á húsnæðinu fyrir haustbyrjun, en þá var þörf á að útvega nýjum börnum leikskólapláss. Hugað var að því að fá lausar kennslustofur sambærilegar þeim sem fyrir eru. Skoðaðir voru möguleikar á hvort hægt væri að fá notaðar einingar, en það reyndist ekki vera.

Tíminn var orðinn naumur og Garðabær taldi sig ekki geta/ hafa möguleika /heimild fyrir að fjármagna framkvæmdirnar og lögbundið ferli ef bærinn hefði staðið að framkvæmdum hefði tekið það langan tíma að útséð var um að hægt væri að taka við nýjum börnum í byrjun hausts.

Það er þá sem Hjallastefnan skoðar möguleika á að standa straum af kostnaði við byggingu nýrra eininga, enda á hún tvær skólastofur af fjórum sem fyrir eru, ásamt helming af tengirýmum. Á þessum tíma var því um það bil helmingur þegar í eigu Hjallastefnunnar, hinn helmingurinn í eigu Garðabæjar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026



Hjallastefnan

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Helstu forsendur fyrir beiðni um undanþágu liggja að okkar mati í því að Hjallastefnan fer í byggingu á nýjum einingum vegna þess að ekki er lengur hægt að vera í fyrirbyggjandi húsnæði vegna heilsuspillandi áhrifa (vegna raka - og myglu sem síðar varð vart við nánari mælingar) og er því að bregðast við ástandi sem ekki var fyrir séð.

Gildandi deiliskipulag er ekki fyrir hendi og þar sem að Hnoðraholt skjarninn er í sameiginlegri eigu Hjallastefnunnar og Garðabæjar þá beiðumst við þess að bæjaryfirvöld nýti sér þær heimildir sem þau hafa samkvæmt lögum nr. 105 um gatnagerðargjald til að lækka eða fella niður gatnagerðargjald í þessu tilfelli.

Virðingarfyllst,

Alma Guðmundsdóttir, fjármálastjóri